



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Brottfall laga um Bankasýslu ríkisins FJR24060017
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	13. júní 2024

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Bankasýsla ríkisins var sett á fót með lögum árið 2009. Í 9. gr. laga um stofnunina, nr. 88/2009, [var upprunalega kveðið á um](#) að stofnuninni bæri að ljúka störfum eigi síðar en fimm árum frá því að hún væri sett á fót og yrði hún þá lögð niður.

Atvik þróuðust á annan veg. Árið 2015 lagði fjármála- og efnahagsráðherra [frumvarp fyrir Alþingi](#) sem fól í sér að ráðherra skyldi falið að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum í samræmi við lög, góða stjórnslu- og viðskiptahætti og eigandastefnu ríkisins. Þá skyldi Bankasýsla ríkisins lögð niður. Frumvarpið var ekki afgreitt af hálfu Alþingis.

Árið 2019 var ákvæði 9. gr. laganna [fellt brott](#) og í stað þess segir nú í ákvæði til bráðabirgða III við lög: „Stofnunina skal leggja niður þegar verkefnum hennar er lokið.“

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að Bankasýsla ríkisins verði lögð niður og eftirstandandi verkefni hennar flutt til fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Um er að ræða litla stofnun með lágmarksstarfsemi. Hún hefur að mestu lokið verkefnum sem henni var ætlað og ekki þykir forsvaranlegt að starfrækja hana lengur. Áformin eru í samræmi við yfirlýsingu formanna stjórnarflokkanna frá 19. apríl 2022.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Í 43. gr. laga um opinber fjármál er mælt fyrir um að fjármála- og efnahagsráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félögum, nema lög eða stjórnvaldsfyrirmæli kveði á um annað. Lög um Bankasýslu ríkisins fela í sér sérreglur varðandi eignarhluti í fjármálafyrirtækjum. Þau lög gera ráð fyrir að stofnunin starfi þar til verkefnum hennar er að fullu lokið. Í ljósi þess að ekki stendur til að ráðstafa eignarhlut ríkisins í Landsbankanum í fyrirséðri framtíð mun hún að óbreyttu starfa áfram næstu árin eða áratugin, þrátt fyrir að verkefni séu í lágmarki.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Í tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029 koma eftirfarandi markmið fram:

- Í kafla 3.2 er boðuð greining á félagasafni ríkisins m.t.t. mikilvægis og ábata af eignarhaldi og arðsemissjónarmiða.
- Í kafla 3.5 er, í tengslum við umbætur í opinberri starfsemi, lýst því forgangsmáli stjórnvalda að bæta nýtingu fjármuna með öflugri stofnunum sem séu burðugri í rekstrarlegu og faglegu gilliti.

Meginreglur eigandastefnu og megin markmið ríkisins sem eiganda í félögum eru:

- Að umsýsla ríkisins með eignarhluti í félögum stuðli að trausti og trúverðugleika.
- Að stuðla að samkeppni.

- Að stuðla að hagkvæmni í rekstri og fjárfestingum að teknu tilliti til hlutverks og áhættu.
- Að fjárfestingarstig samræmist hagstjórnarlegum markmiðum stjórnvalda.
- Að stuðla að samfélagslegum og umhverfislegum markmiðum stjórnvalda.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að sameina fyrirsvar eignarhalds ríkisins í félögum hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Viðmið um stærð stofnana sem gefin hafa verið út í fyrri fjármálaáætlunum segja til um að fækka skuli stofnunum með færri en 50 stöðugildi.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Markmið frumvarpsins er að færa verkefni Bankasýslunnar til fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Að óbreyttu mun Bankasýslan starfa áfram næstu árin eða áratugina, þrátt fyrir að eftirstandandi verkefni hennar séu í lágmarki.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Stefnt er að því að leggja niður Bankasýslu ríkisins. Það verður ekki gert öðruvísi en með lögum.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.

Til greina kom að færa verkefni Bankasýslunnar til ráðuneytisins, sem heldur utan um eignarhald á fyrirtækjum í ríkiseigu. Einnig kom til athugunar að stofna sérstaka stofnun utan um eignarhald á fyrirtækjum í ríkiseigu og færa verkefni og stöðugildi þangað frá bæði Bankasýslu ríkisins og fjármála- og efnahagsráðuneyti.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.

Til stendur að leggja Bankasýslu ríkisins niður og flytja verkefni hennar til fjármála- og efnahagsráðuneytis. Skipulag stýringarinnar á eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum verður þá með sama hætti og almennt tíðkast nú um eignarhald ríkisfyrirtækja, en kveðið er á um hlutverk fjármála- og efnahagsráðherra í þessum efnum í ákvæðum laga um opinber fjármál. Þessi skipan hefur ekki haft áhrif á málefna við einstakra ráðuneyta heldur hefur hún leitt til einföldunar og aukins samræmis við meðferð ríkiseigna. Þannig er reglusetning ríkisins t.d. varðandi orkumarkaði hjá viðkomandi fagráðuneyti þrátt fyrir að eignarhald orkufyrirtækja hafi verið flutt til fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Hlutaðeigandi fagráðuneyti setja því reglur um markaðina og kaupa oft tiltekna þjónustu af umræddum félögum

Ofangreint fyrirkomulag er í samræmi við það sem almennt tíðkast innan OECD. Talið er að með slíku fyrirkomulagi sé verulega dregið úr þeirri hættu sem felst í því að sami aðili sé í eigandafyrirsvari tiltekins félags auk þess að hann hafi með höndum faglegt eftirlit með starfsemi félags eða almennu starfsumhverfi þess. Aðgreining ólíkra hlutverka ríkisins auðveldar þannig annars vegar óháða stefnumótun og reglusetningu starfsumhverfisins sem félagið starfar í og hins vegar sjálfstæða faglega stefnumótun um hlutverk ríkisins sem eiganda slíks félags. Slíkt fyrirkomulag veitir auk þess tækifæri til að innleiða samræmdar leiðbeiningar um upplýsingagjöf, skipan stjórnna, arðsemiskröfur, eigandaeftirlit o.fl. Þrátt fyrir að lög um stofnunina verði felld niður er þó til skoðunar hvort breyta eigi lögum um opinber fjármál svo haldið verði í gildandi fyrirkomulag um að valnefnd tilnefni aðila fyrir hönd ríkisins í stjórnir fjármálafyrirtækja.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.

Lög um bankasýslu ríkisins nr. 88/2009 verða felld úr gildi.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. **Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?**
Nei.
2. **Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?**
Nei.
3. **Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?**
Nei.

F. Samráð

1. **Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**
Bankasýsla ríkisins, fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins hvar Bankasýslan hefur farið með eignarhald og almenningur.
2. **Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**
Nei.
3. **Samráð sem þegar hefur farið fram.**
Þegar hefur átt sér stað samráð við stjórn Bankasýslunnar. Þá átti sér einnig stað samráð við hagsmunaaðila á fyrri stigum þegar áður stóð til að gera breytingar á skipulagi stýringar eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum.
4. **Fyrirhugað samráð.**
Að loknu samráðsferli um áform þessi á samráðsgátt stjórnvalda verður metið hvort og þá að hvaða leyti ástæða verður til að gera breytingar á áformum um lagafrumvarpið.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. **Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.**

H. Næstu skref, innleiðing

1. **Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?**
Já.
2. **Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?**
Ekki er talið að þörf verði á löngum aðlögunartíma verða fyrirhugaðra breytinga. Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer þegar með eignarhald á fimmta tug ríkisfyrirtækja og er vel í stakk búið til að taka við þeim verkefnum sem koma í þess hlut verði frumvarpið að lögum.
3. **Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?**
Engar sérstakar forsendur þurfa að vera fyrir hendi.
4. **Mælikvarðar á árangur og útkomu.**
Beitt verður sömu mælikvörðum og almennt gilda um eignarhald ríkisins á fyrirtækjum. Nánar er fjallað um markmiðin og mælikvarðana í eigendastefnu ríkisins.
5. **Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?**
Verði þörf á sérstakri gagnaöflun verður það gert á síðari stigum.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. **Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.**

2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.